

# FRAMMISTÖÐUSAMTÖL

Nýverið hófust frammistöðusamtöl bílstjóra Hópbíla með verkefnastjóra. Með tilkomu Traffitech hugbúnaðar í okkar bíla verður gagnaöflun um aksturshegðun og frammistöðu bílstjóra auðveldari.

Þau gögn sem safnast nýtast fyrir verkstæðið okkar í þeirra greiningarvinnu en ekki síst fyrir bílstjóra okkar til þess að greina eigin frammistöðu, sjá hvað vel er gert og hvaða þætti mætti gera betur.

Frammistöðu kvarðar eiga það til að hræða einhverja einstaklinga, kalla fram streituvíðbrögð eða flóttavíðbrögð. Rannsóknir sýna að verulegur hluti hvata sem stýra félagslegum samskiptum snúast um innbyggða tilhneigingu mannsins til að lágmarka hættu og hámarka ávinning. Einnig hefur komið í ljós að umrædd heilastarfsemi fer fram á sömu svæðum í heilanum og heilastarfsemi sem tengist grunnþörfum mannsins til að lifa af. Þannig meðhöndlar heilinn félagslegar þarfar með svipuðum hætti og þörf fyrir mat og drykk. Rannsóknir sýna einnig að þegar fólk upplifir jákvæðar tilfinningar þá sér það fleiri lausnir, leysir frekar vandamál sem krefjast innsæis og sýnir almennt betri frammistöðu.

Það er ekki síst þess vegna sem frammistöðuyfirlit til bílstjóra er framreitt með jákvæðni að leiðarljósi. Ekki síst til þess að auka líkurnar á því að bílstjórar ígrundi sína niðurstöðu, skoði allan akstur með tilliti til tölfræðilegra upplýsinga og finni leiðir til þess að gera betur eða halda áfram að gera vel.

Óhætt er að segja að frammistöðusamtölin fari afskaplega vel af stað. Bílstjórar eru forvitnir um eigin frammistöðu, sólg्नir í upplýsingar og staðráðnir í að akstur þeirra, eldsneytisnotkun og lítill lausangangur verði framúrskarandi.



## Í fréttabréfinu

Frammistöðusamtöl.....	1
Aksturshegðun í maí .....	2
Aksturshegðun í maí .....	3
Landsbyggð Suðurnes .....	4


# AKSTURSHEGÐUN OG SAMANBURÐAR TÖLFRÆÐI Í MAÍ 2024

Upplýsingar um aksturshegðun bíla og bílstjóra fáum við úr Traffitech kerfinu okkar. Allt frá því á síðasta ári höfum við safnað gögnum um hvernig bílar okkar og bílstjórar haga sér á ferð um borg, bæi og landið allt. Til viðmiðunar höfum við upplýsingar um hvernig sambærileg fyrirtæki á Norðurlöndum haga sér, þ.e. hvernig aksturshegðun bíla og bílstjóra er þar.

## ÖRYGGISATVIK – BREMSUN, HRAÐAAUKNINGAR, BEYGJUR


Einn mikilvægasti þátturinn í gagnasöfnun eru upplýsingar um það sem við köllum öryggisatvik. Öll öryggisatvik hafa áhrif á það hvernig farþegi upplifir aksturinn. Öryggisatvikin gefa bílstjóra því ákveðnar hugmyndir í þeim efnum.

Til öryggisatvika telja beygjur til hægri og vinstri en af gögnum skapast áhugaverðar vangaveltur um hvort bílstjórar séu mýkri í hægri eða vinstri beygju. Má þar nefna í því sambandi að beygja út úr hringtorgi á Íslandi er til hægri. Hraðaaukningar skipta miklu máli og af þeim skapast mikið álag á bílinn hverju sinni. Hér skiptir mjúkur akstur máli frekar en að rífa bílinn af stað í loftköstum. Í gagnayfirliti yfir bílstjóra er sérstaklega áhugavert að sjá hvernig bílstjórar beita bremsunni. Þar geta þeir fremstu sannarlega miðlað til þeirra sem reynslu skortir.




## INNSKRÁNINGAR BÍLSTJÓRA

Nýjar upplýsingar um innskráningar bílstjóra sýna fram á að of margir bílstjórar draga fætur í þeim efnum. Í frammistöðusamtölum við bílstjóra er lögð sérstök áhersla á þetta atriði.




## LAUSAGANGUR

Nær allir hópar bílstjóra í okkar liði hafa tækifæri á að nýta sér þá tölfræði sem sýnir fram á of mikinn lausagang. Lausagangur er líka atriði sem auðvelt er að bæta. Einhverjir vilja meina að lausagangur tengist veðurfari og árstíð, en slíkt er þó ekki algilt. Ekki er því algilt að veðurfar tengist lausagangi hjá öllum bílstjórum.



## ELDSNEYTISNOTKUN

Bílstjórar Hópbíla fara sparlega með eldsneyti til samanburðar við sambærilega hópa á Norðurlöndum. Vistakstur skiptir verulegu máli í öllum rekstri og því ber að hrósa bílstjórum sérstaklega fyrir frammistöðu í þessum þætti.



# LANDSBYGGÐARSTRÆTÓ

## BREYTINGAR Á LEIÐUM OG ÝMSAR UPPLÝSINGAR

Hópbílar aka svokölluðum landsbyggðarstrætó víðs vegar um landið. Einn hlutinn er á Suðurnesjum en breytingar urðu á leiðakerfinu þar sunnudaginn 16. júní.

Nýlega hófst t.d. akstur frá miðbæ Voga á Vatnsleysu að gatnamótum við Reykjanesbraut en með nýju skipulagi er ekið úr Vogum og alla leið í miðstöð í Reykjanesbæ.

Mikilvægt er fyrir notendur að kynna sér vel leiðir og tímasetningar.

Hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar um leiðir, verð, greiðslufyrirkomulag, aldursviðmið, farangur, reiðhjól, gæluþyr og fleiri atriði á vef Strætó: <https://www.straeto.is/notendaupplýsingar/landsbyggdin>



## NÝR VDL Í FLOTANN OKKAR

Glæsilegur 52 sæta VDL Futura bíll bættist í Hópbílaflotann nýlega. Bíllinn er kraftmikill, þægilegur, nútímalegur og búinn helstu þægindum og fær innra númerið 116 hjá Hópbílum.



**Hópbílar hf.**  
Melabraut 18  
220 Hafnarfirði

**Umsjón, skrif og ábyrgð:**  
Leifur S. Garðarsson  
Verkefnastjóri

